



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 5. október 2022 varðandi eftirfarandi mál.

### **Öskjuhlíð**

Að lokinni auglýsingur er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs um breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar. Í breytingunni sem lögð er til er afmörkun deiliskipulags aðlöguð að deiliskipulagsmörkum Háskólans í Reykjavík og nýr göngustígur á horni Nauthólsvegur og Flugvallarvegur, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 22. júní 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Flugbjörgunarsveitin Reykjavík dags. 1. september 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram þá málsmeðferðartillögu að málinu verði frestað.*

*Málsmeðferðartillögunni er synjað með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði með málsmeðferðartillögunni.*

*Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:*

*Deiliskipulagsbreytingin er nauðsynleg til að færa eitt mest notaða hjólastíg borgarinnar vegna fyrirhugaðra uppbyggingar á nálægri lóð. Afnotasamningur vegna þess svæðis sem nýtt hefur verið undir bilastæði rann út 2019 og liggur stígurinn því alfarið á borgarlandi. Nauðsynlegt er að eiga í framhaldinu gott samráð við Flugbjörgunarsveitina um aðstöðumál fyrir þessa mikilvægu og nauðsynlegu starfsemi.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vekja athygli á óskum Flugbjörgunarsveitarinnar í*

Reykjavík varðandi bílastæðamál hennar og telja mikilvægt að komið verði til móts við þær með einhverjum hætti. Flugbjörgunarsveitin gegnir mikilvægu hlutverki í þágu almannaheilla og eðli starfseminnar felur það í sér að björgunarsveitafólk hafi aðgang að umræddri björgunarmiðstöð á öllum tímum sólarhringsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til að afgangsmálsins yrði frestað á meðan rætt væri við Flugbjörgunarsveitina um lausnir á bílastæðamálum hennar. Við hörmum að meirihlutinn hafi fellt slíka tillögu um frestun máls í því skyni að eiga eðlilegt samráð við aðila, sem á ríkra hagsmuna að gæta í málinu.

*Aheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:*

Deiliskipulag í Öskjuhlíð. Flugbjörgunarsveitin mótmælir skerðingu á bílastæðum og að önnur bílastæði sem fyrir eru verði óaðgengileg með þessari breytingu. Félagar í FBSR sinna mikilvægu sjálfbodastarfi við að aðstoða Reykvíkinga og gesti þeirra þegar neyð steðjar að. Skerðing á bílastæðum um 2/3 hluta mun hefta útköll, fjáraflanir og félagsstarf FBSR verulega. Bílastæði hafa þegar verið skorin mikið niður. Varast ber að ganga of langt í þessu sem öðru. Gæta þarf meðalhófs. Er hægt að finna lausn sem allir geta sætt sig við? Þetta er vissulega gömul ákvörðun en þeim má breyta eins og nýjum. Best væri að fresta þess og eiga í samtal. Vika eða vikur til eða frá skipta ekki sköpum í þessu máli.

*Björn Ingi Edvardsson, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

---


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: Uppdr. Landmótunar dags. 22. júní 2022, innkomnar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2022.




# ÖSKJUHLÍÐ - BREYTING Á DEILISKIPULAGI


FÆRSLA Á GÖNGUSTÍG VIÐ NAUTHÓLSVEG 79



Gildandi deiliskipulag frá 1999 með síðari breytingum frá 14.09.2017. Mkv. 1:2000.



Breyting á deiliskipulagi í júní 2022. Mkv. 1:2000.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

## SKÝRINGAR :


- Mörk lóða
- Deiliskipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Núverandi trjágróður
- Hverfisvernd náttúru- og söguminja
- Núverandi stofnanir, félagsstarfsemi o.fl.
- Kvöð um aðkomu til viðhalds
- Áætlaður nýr vatnstankur
- Áætluð viðbygging, sýnileg
- Áætluð viðbygging, neðanjarðar
- Aðrar byggingar
- Stofn- og tengistigar
- Perlufesti
- Aðrir stigar
- Vegir
- Bilastæði
- Upplýsingaskilti
- Æfingastöð
- Áningarstaður
- Almennar sögumínjar
- Stríðsmínjar
- Mörk tillögu að deiliskipulagsbreytingu

## GREINAGERÐ

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi sem samþykkt var af borgarráði 1. júní 1999 með síðari breytingum frá 14.09.2017.

Breytingin felur í sér:

- Afmörkun deiliskipulagsins aðlöguð deiliskipulagsmörkum á deiliskipulagsbreytingu Háskólans í Reykjavík dags. 08.09.2021.
- Nýr göngustígur á horni Nauthólsvegur og Flugvallavegar.
- Kortagrunnur uppfærður miða við nýja gagnagrunn.
  - göngu- og hjólastígar
  - gatnakerfi
  - byggingar
  - lóðarmörk o.fl.
- Aðrir skilmálar frá gildandi deiliskipulagi 1. júní 1999 m.s.br. haldast óbreyttir.



Skýringarmynd af göngu- og hjólastíg (leiðbeinandi). Mkv. 1:500.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_

með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

DR. DAGS. Breytingin. TEGNA.



**LANDMÖTUN** VAMMABÓDES 12 - 200 KÖPNIVÖGUR, 0 575 530 - 41 30104 2766 NETT: landmotun@landmotun.is  
**ÖSKJUHLÍÐ - DEILISKIPULAG**  
 BREYTING Á GILDANDI DEILISKIPULAGI  
 FÆRSLA Á GÖNGUSTÍG VIÐ NAUTHÓLSVEG 79

DEILISKIPULAG  
 SKIPULAGI MÖ. VPL  
 TERNNAÐ: JSP, KUS, MÓ, HMR  
 SAMRÆKTI:  
 KT.  
 KÖPNIVÖGUR  
 TERNNAÐ: NKT  
 DAGS: 22.08.2022  
 KWARDI: 1: 2000/500 - A1  
 VERNAN:  
 0000-DU1604





Bt. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

[skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)

1. september 2022

**Efni: Athugasemdir við breytingu á gildandi deiliskipulagi og færslu á göngustíg við Nauthólsveg 79, dags. 22.06.2022.**

Vísað er til kynningar á breyttu deiliskipulagi í Öskjuhlíð sem borgarráð samþykkti að auglýsa á fundi sínum 7. júlí 2022. Flugbjörgunarsveitin Reykjavík (hér eftir FBSR) mótmælir umræddri breytingu deiliskipulags og krefst þess að hún verði dregin til baka eða breytt til samræmis við tillögur FBSR.

Með breytingu þessari mun bílastæði vestan við húsnæði FBSR, sem FBSR notar fyrir starfsemi sína verða óaðgengilegt eða í raun hverfa (ekki er ljóst á deiliskipulagsbreytingu hvað á að vera á öllu því svæði). Umrætt bílastæði hefur FBSR leigt af Reykjavíkurborg eitt ár í senn, í meira en áratug.

Vert er að minnast á að FBSR hefur áður þurft að þola mikla fækkun bílastæða eins og áður hefur komið fram í samskiptum við Reykjavíkurborg, en um það vísast til skýringamynda í fylgiskjali 2. Af þessum ástæðum undrast FBSR að ekki hafi verið haft nánara samráð við sveitina áður en tillaga að breyttu deiliskipulagi var lögð fram.

Ef tillaga að breyttu deiliskipulagi gengur eftir mun heildar bílastæðamagn FBSR minnka um 2/3 sem ekki gott því einnig þarf að gera ráð fyrir að hægt sé að keyra útkallstæki sveitarinnar greiðlega inn og út af bílplaninu þau fáu stæði sem eftir verða munu rétt duga fyrir leigjendum efri hæðar (Rannsóknarnefnd samgönguslysa), en ekki fyrir útköll, félagsstarf og fjáraflanir eins og jólatrjáasölu og flugeldasölu FBSR. Við teljum að ekki aðeins mun útkallshæfni sveitarinnar minnka heldur mun þessi fækkun stæða hafa mikil áhrif á fjáraflanir og jafnvel leiguverð til núverandi leigjanda efri hæðar.

Til efni er til að nefna að félagar FBSR, sem telja yfir 600 manns eru búsettir víða um höfuðborgarsvæðið. Starfsemi félagsins er með þeim hætti að erfitt er að notast við almenningsamgöngur í henni og ferðast félagar því oftast á einkabílum að húsnæði FBSR. Með ónógum bílastæðum er hætt við að félagsmenn hætti við að mæta í fjölmenn útköll og æfingar. Meðal ástæðna fyrir því að erfitt er að notast við aðrar samgöngur en einkabíl er að:


- Útköll koma á öllum tímum sólahrings og geta staðið lengi yfir.
- Fólk kemur í útköll frá vinnu, heimili, skóla eða tómstundum sínum.
- Útköll koma þegar veður eru það slæm að almenningsamgöngur loka og almennt er ekki mælt með að ferðast.
- Félagsmenn þurfa að ferðast á milli með mikinn og þungan búnað og klæðast útkallsfatnaði

Samhengisins vegna og til að undirstrika mikilvægi þess félagsskaps sem FBSR er má nefna eftirfarandi tölur úr starfinu fyrir 12 mánaða tímabilið 1. maí 2021 – 30. apríl 2022 sem dæmi um umfang félagsskapsins og þá nauðsyn sem hann er fyrir Reykjavíkurborg og landið allt.


- 123 félagar mættu í útkall á vegum sveitarinnar á þessu 12 mánaða tímabili en alls eru félagar mun fleiri (yfir 600).
- Útköll á tímabilinu voru 54 talsins (fyrir utan 28 gosvaktir) og voru 67% þeirra vegna aðstoðar við höfuðborgarbúa og gesti þeirra. Nánar tiltekið:
  - Leit á höfuðborgarsvæðinu: 22 útköll (aldraðir, andlega veikir, börn o.fl.)
  - Leit og björgun í nágrenni höfuðborgarinnar (t.d. Esja): 3 útköll.
  - Óveður / ófærð á höfuðborgarsvæðinu: 6 útköll.
  - Ófærð ofan við borgina: 3 útköll.
  - Önnur útköll á höfuðborgarsvæðinu: 2 útköll.
  - Útköll utan höfuðborgarsvæðis: 18 útköll.
- Heildarfjöldi viðburða var 501 yfir 12 mánaða tímabilið (útköll, æfingar, fundir). Við það bætist ýmiss konar óskráð starf.

FBSR hefur skilning á að byggt sé á lóðinni á horni Flugvallarvegur og Nauthólsvegur. Hins vegar verður að teljast mögulegt að hægt sé að sýna meðalhóf varðandi umrætt bílastæði með því að færa legu göngustígs til vesturs og leigja FBSR þann hluta sem verður þá eftir af núverandi bílastæði.

Sjá hugmynd hér að neðan:



Önnur tillaga væri að FBSR fengi afnot af lóð innan þess svæðis þar sem bílaleigan Hertz er með stöðuleyfi fyrir starfsemi sína, en rekstur bílaleigu fellur illa að tilgangi þess svæðis skv. aðalskipulagi.



Hér með er gerð krafa um að tillaga að deiliskipulagsbreytingu sé dregin til baka og fundin sé farsæl lausn á málinu.

F.h. FBSR

Magnús Viðar Sigurðsson, formaður

*Magnús V Sigurðsson*

Fylgiskjal 1 – Tölvupóstur frá FBSR til fulltrúa Reykjavíkurborgar 3. apríl 2019

Fylgiskjal 2 – Bréf sem fylgdi tölvupósti 3. apríl 2019: „Mótmæli gegn skerðingu á bílastæðum Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík“



## Mótmæli gegn skerðingu á bílastæðum Flugbjörgunarveitarinnar

Formaður FBSR <formadur@fbsr.is>

Wed, Apr 3, 2019 at 2:08 PM

To: oli.jon.hertervig@reykjavik.is, sonja.wiiium@reykjavik.is

Cc: bjorn.gislason@reykjavik.is, dora.bjort.gudjonsdottir@reykjavik.is, Egill.Thor.Jonsson@reykjavik.is, Eythor.Laxdal.Arnalds@reykjavik.is, Gudrun.Ogmundsdottir@reykjavik.is, heida.bjorg.hilmisdottir@reykjavik.is, hildurb@reykjavik.is, hjalmar.sveinsson@reykjavik.is, Katrin.Atladottir@reykjavik.is, Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is, kristin.soffia.jonsdottir@reykjavik.is, lif.magneudottir@reykjavik.is, marta.gudjonsdottir@reykjavik.is, Pawel.Bartoszek@reykjavik.is, sabine.leskopf@reykjavik.is, Sanna.Magdalena.Mortudottir@reykjavik.is, Sigurborg.Osk.Haraldsdottir@reykjavik.is, skuli.helgason@reykjavik.is, Valgerdur.Sigurdardottir@reykjavik.is, Vigdis.Hauksdottir@reykjavik.is, Thordis.Loia.Thorhallsdottir@reykjavik.is, Orn.Thordarson@reykjavik.is, stefan.eiriksson@reykjavik.is, helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is, stjorn@fbsr.is

Óli Jón Hertervig og Sonja Wiium, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Afrit: Borgarfulltrúar, borgarritari, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra og stjórn FBSR

Í meðfylgjandi skjali eru mótmæli stjórnar Flugbjörgunarveitarinnar í Reykjavík (FBSR) við skerðingu bílastæða FBSR. Í viðhenginu er eftirfarandi lýst:

- Félagar í FBSR sinna í sjálfbodaðastarfi mikilli aðstoð við Reykvíkinga og gesti þeirra þegar neyð steðjar að.
- Skerðing á bílastæðum um 2/3 hluta mun hefta útköll, fjáraflanir og félagsstarf verulega.
- Bílastæði hafa þegar verið skorin mikið niður.

Við trúum því tæplega að borgin vilji höggva skarð í starf okkar með þessum hætti án þess að mótvægisáðgerðir komi til. Við gerum okkur grein fyrir því að breytingar eru að verða á svæðinu við Óskjuhlíð. Við teljum hins vegar að hægt sé að finna lausnir sem allir geti sætt sig við og óskum því eftir fundi með yfirvöldum borgarinnar.

Viðhengið hefur einnig verið sent (undirritað) í bréfpósti.

\*\*\*\*\*

Hjalti Björnsson

Formaður

Flugbjörgunarveitin í Reykjavík

S. [REDACTED]

 **Bílastæði FBSR.pdf**  
332K

## Fylgiskjal 2

Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar  
Sonja Wiium, lögfræðingur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar  
Afrit: Borgarfulltrúar

### Mótmæli gegn skerðingu á bílastæðum Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík (FBSR)

Nú stendur til að skerða bílastæði FBSR um næstum  $\frac{2}{3}$  hluta. Þessu hefur áður verið mótmælt, sjá t.d. tölvupóst formanns FBSR til Sonju Wiium, lögfræðings skrifstofu eigna og atvinnuþróunar frá 13. desember. Þessi mótmæli virðast ekki hafa náð í gegn því með bréfi dags. 27. feb. 2019 sagði Reykjavíkurborg upp samningi um afnotarétt af tæplega  $\frac{2}{3}$  hlutum bílastæða FBSR. Þar sem þessi fyrirætlan (án mótvægisáðgerða) mun hafa gríðarleg áhrif á starf FBSR er ekki annað hægt en að ítreka mótmælin með ítarlegri útskýringum og er það tilgangur þessa bréfs.

#### Starfsemi Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík

FBSR er alhliða björgunarsveit sem er Reykjavík til hagsbóta eins og sést vel á eftirfarandi tölum úr starfinu fyrir almanaksárið 2018 (sem dæmi):

- 108 félagar mættu í útkall á vegum sveitarinnar árið 2018 en alls eru félagar mun fleiri (yfir 400).
- Útköll árið 2018 voru 55 talsins og voru 70% þeirra vegna aðstoðar við höfuðborgarbúa og gesti þeirra. Nánar tiltekið:
  - Leit á höfuðborgarsvæðinu: 19 útköll (aldraðir, andlega veikir, börn o.fl.)
  - Leit og björgun í nágrenni höfuðborgarinnar (t.d. Esja): 5 útköll.
  - Óveður / ófærð á höfuðborgarsvæðinu: 4 útköll.
  - Ófærð ofan við borgina: 7 útköll.
  - Önnur útköll á höfuðborgarsvæðinu: 3 útköll.
  - Útköll utan höfuðborgarsvæðis: 17 útköll.
- Skráðar æfingar og fundir voru 253 yfir árið 2018. Við það bætist ýmiss konar óskráð starf.
- Hátt í helmingur tekna sveitarinnar er vegna sölu jólatrjáa og flugelda í húsinu við Flugvallarveg og vegna útleigu á efri hæð hússins til Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Eins og kemur fram hér að ofan er starfið mjög umfangsmikið. Með því að skerða bílastæði sveitarinnar um næstum  $\frac{2}{3}$  án mótvægisáðgerða er borgin að...

- ...hefta starf sem kemur Reykvíkum og öðrum til góða þegar neyð steðjar að.
- ...takmarka mjög möguleika björgunarsveitar til fjáröflunar.
- ...höggva skarð í heilbriggt félagsstarf fjölda borgarbúa (félaga í FBSR).



### **Bílastæðin sem um ræðir**

Flugbjörgunarsveitin hefur verið með starfsemi við Nauthólsvík / Öskjuhlíð frá stofnun, árið 1950. Húsið að Flugvallarvegi 7 var byggt árið 1990. Hér að neðan má sjá hvernig bílastæðamál hafa þróast á undanförunum árum og hvað aðgerðir borgarinnar munu hafa í för með sér.



**Mynd 1.** Loftmynd frá árinu 2008. Á þessum tíma gátu félagar FBSR lagt við húsið (sjá ljósblátt þak á mynd) og hinum megin við Flugvallarveginn, ofarlega á myndinni. Flestir bílarnir á svæðinu þeim megin við veginn eru þó frá bílaleigunni Hertz, sem nýtti þetta svæði einnig.



**Mynd 2.** Loftmynd frá árinu 2010. Hér er búið að færa Flugvallarveginn og ekki er lengur aðgangur að stóru stæði eins og sást á mynd 1 frá 2008. Ekki er lagt ofan við nýja göngustíginn enda var þar sáð grasi. Við þessar breytingar færðust bílastæði að mestu niður fyrir húsið, sjá ramma á myndinni. Hertz bílaleigan notar nú að mestu svæðið í ljósbláa ramma en FBSR svæðið í rauða ramma en þó er einhver samnýting, þ.e. Hertz nýtir hluta af rauða ramma og FBSR hluta af þeim bláa eftir aðstæðum hverju sinni. Akstursleið var útbúin af efra plani FBSR og niður á þetta svæði (rauð píla). Nú vill Reykjavíkurborg afnema bílastæðin í römmunum tveimur.

Á malbikuðu plani FBSR, þ.e. framan við húsið, er hægt að leggja um 15 bílum. Þótt planið sé býsna stórt er fjöldi stæða takmarkaður þar sem ekki er hægt að leggja við húsið sjálft vegna umferðar inn og út úr vélaskemmum sem stendur við planið. Einnig þarf að gera ráð fyrir plássi við innkeyrslu inn á planið og geymslusvæði fyrir búnað. Neðra planið nýtist hins vegar allt til að leggja bílum og komast þar fyrir allt að 30 bílar þegar mikið liggur við.

Til stendur að segja upp afnotarétti af neðra planinu, sem þýðir einfaldlega að bílastæðum FBSR fækkar úr um 30+15 niður í um 15, þ.e. niður í um  $\frac{1}{3}$  af því sem nú er. Um 15 bílastæði munu þá þurfa að duga fyrir útköll, félagsstarf, leigjendur og fjáraflanir. Tekið skal fram að



núverandi stæði (allt að 45) fyllast reglulega í núverandi félagsstarfi, útköllum og fjáröflunum. Það er augljóst að boðuð skerðing mun verða mikið högg fyrir starfið og fjárhaginn. Okkur þykja þetta afar kaldar kveðjur til sjálfboðaliða sem vinna gott starf hér í borg.

### **Lausnir og framtíðin**

Við gerum okkur grein fyrir því að mikil uppbygging er að verða á svæðinu í kringum FBSR og að það kallar á ýmsar breytingar. Við viljum hins vegar gjarnan leggjast yfir mögulegar lausnir á bílastæðamálum með borgaryfirvöldum til að allt geti gengið upp án þess að björgunarsveitin okkar taki á sig mikið högg. Dæmi um hugsanlegar lausnir er að halda í þann hluta plansins sem er Öskjuhlíðarmegin við fyrirhugaðan stíg. Rými er til að stækka planið þeim megin við stíginn án þess að fórna mikilvægu svæði. Aðrar lausnir má vafalaust finna í nágrenninu ef vilji er fyrir hendi af hálfu borgarinnar.

Við höfum einnig rætt óformlega við fulltrúa borgarinnar um framtíðarstaðsetningu FBSR í borginni. Það yrði mikið rask að rífa upp félag sem hefur verið á þessu svæði í bráðum 70 ár og til þess þarf t.d. samþykki tveggja aðalfunda félagsins. Ef til flutninga kæmi þyrfti ný staðsetning að vera hentug með tilliti til félagsstarfs og fjáraflana. Við erum opin fyrir góðum lausnum en tökum skýrt fram að mögulegur flutningur starfseminnar tekur mun lengri tíma en fram að uppsögn afnotaréttarins að bílastæðinu. Sú uppsögn gengur að óbreyttu í gildi 1. desember á þessu ári, rétt fyrir helstu fjáraflanavertíð sveitarinnar.

Við óskum eftir fundi til að ræða þessi mál og finna lausnir.

Fyrir hönd stjórnar FBSR (undirrituð eintök send),

---

Hjalti Björnsson, formaður

---

Sveinn Hákon Harðarson, varaformaður



Reykjavík 14. september 2022

### Varðar: Öskjuhlíð, breyting á deiliskipulagi.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Umhverfis- og skipulagssviðs dags 13. júní 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar. Í breytingunni felst afmörkun deiliskipulags aðlöguð að deiliskipulagsmörkum Háskólans í Reykjavík og nýr göngustígur á horni Nauthólsvegar og Flugvallarvegur. Einnig lagður fram uppdr. Landmótunar dags. 22. júní 2022. Tillagan var auglýst frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Flugbjörgunarsveitin Reykjavík dags. 1. september 2022. Einnig kom fram ábending frá Veitum í tölvupósti, dags. 30. ágúst 2022.



### Auglýst tillaga

Í auglýstri tillögu felur breytingin í sér að afmörkun deiliskipulagsins er aðlöguð deiliskipulagsmörkum HR, dags. 8. september 2021 og kominn er nýr göngu- og hjólastígur á horni Nauthólsvegar og Flugvallavegar. Kortagrunnur er jafnframt uppfærður m.v. nýja gagngrunna fyrir stíga, gatnakerfi, byggingar, lóðir o.fl. Aðrir skilmálar frá gildandi skipulagi haldast óbreyttir.



### Svör við athugasemd:

Í ábendingu Veitna dags. 30. ágúst 2022 kemur fram að unnið er að færslu lagna vegna skipulagsbreytinganna, kostnaður við færslu lagnanna kemur til með að lenda á lóðarhafa (við Nauthólsveg 79, sem er Reykjavíkurborg þar sem lóðinni hefur ekki verið úthlutað). Ábending hefur ekki áhrif á skipulagstillögu. Athugasemd Flubjörgunarsveitar Reykjavíkur (FBSR) dags. 1. september 2022, felur í sér að FBSR telur að með breytingunni munu bílastæði vestan við húsnæði þeirra (Flugvallarveg 7) sem þau nota fyrir starfsemina verða óaðgengilegt eða í raun hverfa. Umrætt bílastæði hefur FBSR leigt af Reykjavíkurborg eitt ár í senn, í meira en áratug. Leggur FBSR til aðra tillögu að færslu stígs til vestur, sjá mynd að neðan.



Hugmyndir FBSR um færslu á stíg til vesturs frá auglýstri tillögu.

Í raun þá má er langt um liðið síðan umrædd skipulagsbreyting varðandi bílastæðin hafi verið í gildi síðan 2017, þegar útbúin var ný lóð við Nauthólsveg 79 þegar skipulagssvæði háskólagarða HR var stækkað til norður, samþ. dag. 9. febrúar 2017, síðan hefur skipulagi þess verið breytt lítillega síðan. Lóðin er með ákveðna skilgreiningu lóðarmörk, byggingarmagn, byggingareiti o.fl. Þessi breyting á skipulagi fyrir Öskjuhlíðin er lítilsháttar færsla á skipulagsmörkum og festa stíginn inn á skipulagi Öskjuhlíðar þar sem stígurinn er innan þess svæðis sem er á leið í framkvæmd/ færslu til að hægt sé að gera lóð nr. 79 við Nauthólsveg byggingarhæfa til úthlutuna. Ekki er hægt á þessu stigi að verða við hugmyndum FBSR um þessa færslu sem er sýnd að ofan, þar sem það fer inn fyrir lóðarmörk skv. gildandi skipulagi við háskólagarða HR.



Umrædd skipulagstillaga fyrir HR svæðið frá 2017 þar sem gerðar voru nýjar lóðir, E og F.

Varðandi afstöðu FBSR að þau hafa haft stæðin til leigu af borginni, þá eru nokkur ár síðan sá samningur rann út. Formleg uppsögn á afnotasamningnum var sent til FBSR þann 27. febrúar 2019. Samningurinn rann í raun sitt skeið 1. desember 2019 og er miðað við þá uppsögn.

## NIÐURSTAÐA

Lagt er til að auglýst tillaga verði samþykkt óbreytt með vísan til svara skipulagsulltrúa.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs,  
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson.